

**Sveitarstjórn Langanesbyggðar**  
**Langanesvegi 2**  
**680 Þórshöfn**

Þórshöfn 9. apríl 2026

**Efni:** Mikilvægi þess að nýbygging skólahúsnæðis innihaldi matsal

Við undirrituð, kennarar, leiðbeinendur og stuðningsfulltrúar við Grunnskólann á Þórshöfn viljum koma á framfæri rökstuddum áhyggjum og ábendingum varðandi fyrirhugaða viðbyggingu grunnskólans. Það eru okkur mikil vonbrigði að heyra að áætlanir geri ekki ráð fyrir matsal og móttökueldhúsi þrátt fyrir að pláss sé fyrir slíkt.

Við, sem fagfólk á sviði menntamála, teljum það skyldu okkar að benda á þau jákvæðu áhrif sem matsalur og móttökueldhús myndi hafa á skólastarfið og þau tækifæri sem glatast ef matsalur verður ekki hluti af hönnun.

**Helstu rök fyrir því að byggja matsal innan skólans:**

- **Öryggi og vellíðan nemenda:** Núverandi fyrirkomulag, þar sem börnin þurfa að ganga á milli húsa í öllum veðrum, er hvorki skilvirkt né öruggt. Slíkur flutningur á stórum hópi barna krefst aukinnar mönnunar og tekur dýrmætan tíma frá hvíld og neyslu nemenda. Að hafa matsal innan skólahúsnæðis fækkar skiptum þar sem skipta þarf um umhverfi og stuðlar þannig að minni streitu og skýrari rútínu sem eykur öryggiskennd. Matsalur innan skólans hefði auk þess betra aðgengi fyrir nemendur með fötlun eða sérþarfir.
- **Námsumhverfi nemenda:** Það telst með öllu óviðeigandi að börn þurfi að sækja hádegismat sinn á stað þar sem jafnframt er rekin áfengissala og almennur veitingarekstur. Skólaumhverfi barna á að vera griðastaður sem hannaður er út frá þeirra þörfum og þroska.
- **Sveigjanleiki í skólastarfi:** Vegna fyrirkomulags núverandi mötuneytis hefur stjórn skólans þurft að breyta stundaskrá til að láta matmálstíma ganga upp.

Með matsal í skólanum skapast meira svigrúm til náms og hægt er að nýta rýmið undir fjölbreytta kennsluhætti, hópavinnu eða samkomur utan matmálstíma.

- **Framtíðarsýn og hagkvæmni:** Það er rökrétt ályktun að dýrara verði að bæta við matsal síðar en að byggja hann strax. Ef horft er til næstu áratuga er það beinlínis óskynsamlegt að reisa nýja skólabyggingu sem uppfyllir ekki grunnkröfur um nútímalega aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk.
- **Matsalur með móttökueldhúsi:** Að hafa matsal með móttökueldhúsi er hagstæðara þar sem áfram er hægt að elda matinn í Þórsveri og ekki þarf að fjárfesta í dýrum tækjum eins og í iðnaðareldhúsi.

Matsalur er ekki einungis rými til að nærast; hann er hjarta skólans þar sem félagsfærni er efld og skólabragur mótast. Við skorum á sveitarstjórn að endurskoða þessa ákvörðun með hagsmuni barnanna okkar og framtíðarsýn sveitarfélagsins í huga. Við óskum eftir því að málið verði tekið til formlegrar endurskoðunar á næsta fundi ykkar.

Virðingarfyllst,

Lúcy Líquorardóttir  
Hrafngeirur Ósp Eiríksdóttir  
Sveinbjörg Ewa Jóhannesdóttir  
Aðalbjörg María Marinósdóttir  
Katrín Rúnarsdóttir  
Hanna Margrét Ulfsdóttir  
Magdalena Sýlnia Karvódná  
Hulda Kristín Baldursdóttir  
Arni David Haraldsson  
Birta Rún Ásgeirsdóttir  
Gabriela Mía Kræklyk  
Sólveig Sveinbjörnsdóttir